VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir 15. tbl. /09



*Héðinsfjarðargöng. Unnið við vegskála í Héðinsfirði 9. júlí 2009.* *Sjá einnig á bls. 3.* *Ljósmynd Mats Wibe Lund.*

## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, malbik á Akureyri 09-038

Tilboð opnuð 23. júní 2009. Yfirlagnir með malbiki á Akureyri.

Helstu magntölur eru:

Malbik. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1.700 tonn
Útlögn. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 20.000 m$^2$

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2009.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði | 50.002.800 | 125,2 | 2.908 |
| 1 | Malbikun K-M ehf., Akureyri | 47.094.925 | 117,9 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 39.945.000 | 100,0 | -7.150 |

### Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2009-2010 09-040

Tilboð opnuð 30. júní 2009. Festun með froðubiki og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðaustursvæði 2009-2010. Um er að ræða 8 vegkafla, alls um 16,4 km.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki . . . . . . . . . . . . . . 112.600 m$^2$
Tvöföld klæðing . . . . . . . . . . . . . . . . . 112.600 m$^2$

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2010.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði | 118.379.700 | 109,1 | 20.508 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 108.550.000 | 100,0 | 10.679 |
| 2 | Borgarverk ehf., Borgarfirði | 108.342.000 | 99,8 | 10.471 |
| 1 | Árni Helgason ehf., Ólafsfirði | 97.871.424 | 90,2 | 0 |

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 15. tbl. 17. árg. nr. 528 20. júlí 2009**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Oddi**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
eða með tölvupósti til:
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar. og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



**Hreinn Haraldsson**
**vegamálastjóri skrifar**

## Framkvæmdir 2009

Eins og flestum er kunnugt var í upphafi ársins reiknað með að mikið af nýjum verkum yrðu boðin út á árinu, til viðbótar við þau fjölmörgu verk sem eru í gangi og hófust á síðasta ári og sum jafnvel fyrr. Fram undir mitt árið voru verk um allt land boðin út, nánast um leið og gögn voru tilbúin.

Í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 sem kynnt var á Alþingi í lok síðasta mánaðar kom síðan fram að ríkisstjórnin hafi ákveðið að framkvæmdaáform samkvæmt fjárlögum 2009 verði lækkuð um 4,4 milljarða kr. Þar af eru 3,5 milljarðar kr. vegna vegaframkvæmda. Í fjárlögum ársins 2009 var miðað við tæpan 21 milljarð í stofnkostnað. Af því var um 15 milljörðum þegar ráðstafað til verka frá fyrri árum, þannig að eftir niðurskurð voru um 2,5 milljarðar eftir til nýrra verka á árinu 2009 í stað 6 milljarða, sem segja má að hafi að mestu verið ráðstafað til þeirra verkefna sem þegar höfðu verið boðin út fyrir mitt árið. Frekari útboðum var því frestað að sinni, og ekki gengið til samninga um fjögur verk sem höfðu verið boðin út og tilboð opnuð.

Jafnframt var í skýrslu fjármálaráðherra kynnt sú ákvörðun að ekki verði nýttar afgangsfjárheimildir frá fyrri árum. Þetta er ekki í samræmi við framkvæmd á meðferð fjárheimilda síðustu ára og kom á óvart þar sem gert var ráð fyrir að heimildirnar flyttust milli ára eins og hingað til. Innistæður Vegagerðarinnar um áramót voru um 4 milljarðar, þar eð mörg verk á síðasta ári komust seinna af stað en ætlað var vegna árferðis, vegna þess hversu mikið af verkum þurfti að undirbúa og bjóða út á svipuðum tíma, vegna deilna og kærumála sem seinkuðu eða komu í veg fyrir útboð og vegna fleiri þátta. Þessi staða getur þýtt að hægja þurfi á verkum sem eru í gangi, auk þess sem leitað er allra leiða til að draga úr útgjöldum í öðrum þáttum, svo sem viðhaldi, og með aðhaldi í rekstri og þjónustu. Í haust verður staðan endurmetin og skoðað hvort unnt verður að ráðast í frekari framkvæmdir.

Á næstu vikum verður skoðað gaumgæfilega hvernig unnt er að auka framkvæmdir í vegagerð með aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun. Þar er einkum horft til einstakra stærri verkefna. Í einhverjum tilfellum ættu beinar framkvæmdir að geta hafist á næsta ári, 2010. Samgönguráðherra hefur skipað vegamálastjóra sem sinn fulltrúa í viðræðunefnd sem sett hefur verið á laggirnar til að ræða við fulltrúa lífeyrissjóða um þessa þætti.

15.07.2009



*Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls, 29. júní 2009. Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.*



**Vikor Arnar Ingólfsson**
**ritstjóri skrifar**

## Útgáfa Framkvæmdafrétta á næstunni

Í þau 17 ár sem Vegagerðin hefur gefið út Framkvæmdafréttir hefur aðeins gilt ein regla varðandi útgáfutíðni blaðsins. Ef útboðsauglýsing liggur fyrir, er gefið út blað. Þannig hafa blöð komið út vikulega þegar mest hefur verið um útboð og tölublöð ársins hafa jafnan verið fleiri en 30 talsins. Nú stefnir í að nokkurt hlé verði á útboðum og því þarf að huga að breyttum vinnubrögðum að sinni. Við munum því stefna á mánaðarlega útgáfu á næstunni og því kemur næsta tölublað út 24. ágúst. Ef útboðsauglýsing berst fyrr mun auðvitað koma út blað.




*Gröftur Bolungarvíkurganga gekk ágætlega í viku 28. Frá Hnífsdal voru sprengdir 60 m og er heildarlengd þeim megin 2.051 m. Frá Bolungarvík voru sprengdir 29 m en þar var unnið í stóru snúningsútskoti. Heildarlengd þeim megin er 1.894 m. Samtals er því búið að sprengja 3.945 m eða 76,5% af heildarlengd.*



*Héðinsfjarðargöng 9. júlí 2009. Vegtenging milli gangamunna í Héðinsfirði. Vegskáli Siglufjarðamegin er langt kominn. Lokið er við að gera endanlegar styrkingar í göngum. Ljósmynd Mats Wibe Lund.*

## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009, Hringvegur (1) um Hafnarmela -malbik 09-039

Tilboð opnuð 30. júní 2009. Hjólfarafyllingar á bundnu slitlagi, framleiðsla - , flutningur - og útlögn á malbiki á Hringvegi (1) um Hafnarmela, á vegarkafla sem er alls um 3,35 km langur.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Hjólfarafylling | 16.800 | $m^2$ |
| Framleiðsla og flutningur malbiks | 2.760 | tonn |
| Líming | 25.000 | $m^2$ |
| Malbik | 25.150 | $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2009.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 71.423.000 | 100,0 | 18.798 |
| 4 | Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ | 58.272.500 | 81,6 | 5.648 |
| 3 | Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík | 57.148.500 | 80,0 | 4.524 |
| 2 | Malbik og völtun ehf. og Malbikun HG, Reykjavík | 52.657.750 | 73,7 | 33 |
| 1 | Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði | 52.625.000 | 73,7 | 0 |

## Auglýsingar útboða

### Vetrarþjónusta á Snæfellsnesvegi 2009 – 2012, Vatnaleið - Ólafsvík 09-046

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu á Snæfellsnesvegi 2009-2012, Vatnaleið - Ólafsvík.

Helstu magntölur, á ári, eru:

| | | |
|---|---|---|
| Snjómokstur með vörubíl | 4.000 | km |
| Hálkuvörn með vörubíl | 3.000 | km |
| Upprif á ís og troðnum snjó með undirtönn á vörubíl | 1.000 | km |
| Lausakeyrsla á vörubíl | 3.500 | km |

Verki skal að fullu lokið 1. maí 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 á Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 20. júlí 2009. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 4. ágúst 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.

Samhljóða útboð var auglýst 11. maí 2009 og voru tilboð opnuð 26. maí 2009. Öllum tilboðum var hafnað.

# Verk í vinnslu

Samningsverk í vetrarþjónustu, ferjurekstri og almenningssamgöngum eru ekki á þessum lista. Fæst viðhaldsverk eru á listanum.

Texti miðast við vikur 27-28

| | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010<br>*Vegmerking ehf.* | 11.03.08 | 01.09.10 |

| Suðursvæði | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 09-032 Langholtsvegur (318) Hringvegur - Ármótavegamót<br>*Vélgrafan ehf.*<br>Framkvæmdir hafnar. | 19.06.09 | 15.09.09 |
| 07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur<br>*KNH ehf.*<br>Heildarmagn fyllinga sem komið er í veginn er um 82%, heildarmagn burðarlaga er um 60% og um 96% bergskeringa eru búnar. Um 68% heildarverksins er lokið. Á eystra svæði er unnið við frágang á fláum, unnið er við að koma neðri hluta efra burðarlags í rétta hæð fyrir efra hluta efra-burðarlags. Verið er að klára fyllingar frá st. 46.000 að hringtorgi við Þorlákshöfn. Unnið er við mölun á 0-32 mm efni í efra burðarlag. Unnið er að því að setja saman reiðræsi í st. 46.280. Lokið er við að steypa sökkla á brú, og vestari landstöpul. Á vestara svæði er ekki unnið eins og er en vinna mun halda áfram þar þegar um hægist á eystra svæðinu. | 19.09.08 | 15.09.11 |
| 08-032 Bræðratunguvegur (359) Flúðir - Tungufljót<br>*Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.*<br>Unnið við bergskeringar í skeringu við Ásakot og verið að keyra fyllingu í veg vestan við Hvítá. Unnið er við niðurrekstur staura undir brú. | 15.05.09 | 15.06.11 |

| Suðursvæði, framhald | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Akurbrekka<br>*Þjótandi ehf.*<br>Unnið í skeringum og verið að keyra í fláafleyga. Byrjað verður á efri hluta neðra burðarlags seinni hluta júlí. | 26.01.09 | 10.02.09 |
| 08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010<br>*Hrafn Magnússon* | 26.05.08 | 01.09.10 |
| 08-074 Vallarvegur (262), Fljótshlíðarvegur - Kotvöllur<br>*Heflun ehf.*<br>Framkvæmdum að mestu lokið. | 11.07.08 | 15.09.08 |
| 08-078 Heiðarbraut (3357) og Gnúpverjavegur (325)<br>*Mjölnir vörubílstjórafélag*<br>Framkvæmdum lokið. | 29.07.08 | 15.09.08 |
| 07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss<br>*Borgarvirki ehf.*<br>Unnið við frágang og eftir að leggja seinna lag klæðingar á 1,7 km. | 07.11.07 | 15.06.09 |
| 07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur<br>*Klæðning ehf.*<br>Ekkert verið unnið að undanförnu. Búið er að mæla upp verkstöðu og verið að vinna úr mælingum hjá veghönnunardeild Vegagerðarinnar. | 04.07.08 | 15.10.10 |
| 08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð<br>*Suðurverk hf.*<br>Vinna við girðingar er hafin að öðru leyti er ekki unnið við vegagerð í bili. Unnið við hafnargerð. | 14.08.08 | 01.07.10 |
| 08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit<br>*Strendingur ehf.* | 02.09.08 | 01.09.10 |



*Vestfjarðavegur (60). Ný brú á Laxá í Dölum 22. júní 2009. Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.*



*Töllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur. efnisvinnsla. 1. júlí 2009. Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.*

| **Suðursvæði, framhald** | **Samið:** | **Verklok:** |
|---|---|---|
| 08-035 Festun og yfirlögn á Suður-<br>svæði og Suðvestursvæði 2008-2009<br>*Ræktunarsamband Flóa og Skeiða* | 12.06.08 | 01.09.09 |
| 08-057 Suðurstrandarvegur (427),<br>Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur,<br>eftirlit<br>*Almenna verkfræðistofan hf.* | 09.09.08 | 15.09.11 |
| 08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365),<br>eftirlit<br>*VSÓ - ráðgjöf ehf.* | 23.06.08 | 15.10.10 |

| **Suðvestursvæði** | **Samið:** | **Verklok:** |
|---|---|---|
| 08-077 Reykjanesbraut (41),<br>Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur,<br>hönnun<br>*Efla ehf.* | 30.01.09 | 27.11.09 |
| 08-064 Reykjanesbraut (41),<br>gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit<br>*Línuhönnun hf.* | 23.06.08 | 10.07.09 |
| 08-053 Reykjanesbraut (41),<br>gatnamót við Vífilsstaðaveg<br>*Ris ehf. Glaumur verktakafélag ehf.* | 08.05.08 | 10.07.09 |
| 07-038 Reykjanesbraut (41),<br>gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit<br>*Almenna verkfræðistofan hf.* | 11.02.08 | 10.07.09 |
| 07-037 Reykjanesbraut (41),<br>gatnamót við Arnarnesveg<br>*Suðurverk hf.*<br>Gatnamótin voru opnuð fyrir umferð 29. nóvember 2008 | 25.01.08 | 10.07.09 |
| 08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun,<br>Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð<br>*Ístak hf.*<br>Kaflinn var opnaður fyrir umferð 19. október 2008 | 02.05.08 | 01.06.09 |

| **Norðvestursvæði** | **Samið:** | **Verklok:** |
|---|---|---|
| 09-030 Hvammstangavegur (72),<br>um Hvammstanga<br>*Kraftlind ehf., Kópavogi*<br>*kt. 601206-0480*<br>Verk hófst 18. júní. Unnið í uppúrtekt og lögnum. | 05.06.09 | 01.10.09 |

| **Norðvestursvæði, framhald** | **Samið:** | **Verklok:** |
|---|---|---|
| 08-022 Vestfjarðavegur (60),<br>Þverá - Þingmannaá<br>*Ingileifur Jónsson ehf.*<br>Vinna við skeringar og fyllingar. | 21.04.09 | 30.11.10 |
| 08-018 Snæfellsnesvegur (54) um<br>Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús<br>*KNH ehf.*<br>Fyllingar og fláafleygar langt komin. | 23.07.08 | 15.09.09 |
| 06-030 Útnesvegur (574),<br>Háahraun - Saxhóll<br>*Stafnafell ehf.*<br>Frágangur langt kominn og gerð plana. Eftir að yfirleggja klæðingu 5,6 km. | 26.01.06 | 15.07.09 |
| 06-024 Djúpvegur (61),<br>Reykjanes - Hörtná<br>*KNH ehf. og Vestfirskir verktakar ehf.*<br>Búið að mála lang- og þverbita, búið að leggja út for-steyptarplötur við bita og verið að járnabinda yfirbygginguna. Sérfræðingur kom frá Bretlandi með tjakk til að stilla hengi-stengur. Steypa yfirbyggingar getur tafist um nokkra daga. | 25.01.07 | 01.09.09 |
| 06-028 Tröllatunguvegur (605),<br>Vestfjarðavegur - Djúpvegur<br>*Ingileifur Jónsson ehf.*<br>Unnið í neðra burðarlagi st. 10.600 - 11.800. Unnið í frá-gangi st. 17.000 - 19.800. Efnisvinnsla hafin við st. 2.300 og 20.300, tvær mölunarsamstæður. | 20.04.07 | 01.09.09 |
| 107-012 Skagavegur (745)<br>um Króksbjarg<br>*Fjörður ehf.*<br>Fyllingar langt komnar | 02.09.08 | 15.07.09 |
| 07-087 Vestfjarðavegur (60),<br>Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur<br>*KNH ehf.*<br>Verk að klárast. | 30.11.07 | 01.07.09 |
| 07-005 Hringvegur (1),<br>Grafarkot - Hraunsnef<br>*KNH ehf.*<br>Nýi vegurinn allstaðar kominn í notkun. Verk langt komið og ætti að ljúka að mestu um miðjan júlí. | 08.06.07 | 01.10.09 |

*framhald á síðu 6*



*Djúpvegur (61) í Bitrufirði, breikkun slitlaga. 1. júlí 2009. Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.*

*framhald af blaðsíðu 5*

| Norðvestursvæði, framhald | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 06-017 Hringvegur (1)<br>um Hrútafjarðarbotn<br>*Skagfirskir verktakar*<br>Verktaki mun ljúka frágangi og viðbótargirðingum á næst-unni | 12.12.07 | 01.11.08 |
| 08-025 Vatnsdalsvegur (722),<br>Hvammur - Hringvegur<br>*Sigurjón Hjartarson.*<br>Neðra burðarlag komið að mestu. Efnisvinnsla hafin | 13.10.08 | 01.08.09 |
| 08-072 Örnólfsdalsá hengibrú,<br>stálsmíði<br>*Gísli Þorgeir Einarsson* | 25.07.08 | 21.11.08 |
| 07-085 Óshlíðargöng, eftirlit<br>*Línuhönnun hf., Geotek* | 08.04.08 | 15.07.10 |
| 07-062 Óshlíðargöng<br>*Íslenskir aðalverktakar, Marti Contractors* | 08.04.08 | 15.07.10 |

| Norðvestursvæði, framhald | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 07-010 Leirársveitarvegur (504),<br>Leirá - Svínadalsvegur<br>*Borgarverk ehf.*<br>Unnið í reiðvegi og frágangi | 02.04.08 | 15.09.08 |
| 07-086 Strandavegur (643),<br>Geirmundarstaðavegur - Hálsgata<br>*Skagfirskir verktakar*<br>Verki er að ljúka | 03.06.08 | 15.07.09 |
| 08-043 Festun og yfirlögn<br>á Norðvestursvæði 2008-2009<br>*Borgarverk ehf.* | 22.04.08 | 01.09.09 |
| Vestfjarðavegur um Laxá<br>*Verktaki: Brúarvinnuflokkur Vg. Hvammstanga*<br>*og flokkur Vg. Búðardal*<br>Búið að fylla að brú að mestu. Verið að hleypa umferð á brúnna í viku 27. Stefnt á að klæða í viku 29. Verið að fara í að rífa yfirbygginguna af göngubrú og setja endanlega stál-bita niður. | | 01.09.09 |



*Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls, 29. júní 2009. Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.*

## Norðvestursvæði, framhald — Samið: Verklok:

Vestfjarðavegur um Hjarðardalsá.
*Verktaki: Brúarvinnuflokkur Vg. Hvammstanga og flokkur Vg. Ísafirði*
Unnið við frágang, vinna við leiðara fer að hefjast.

Djúpvegur Bitrufjörður, breikkun slitlaga.
*Verktaki: Flokkur Vg. Hólmavík, Króksverk ehf.*
Skorið í gamla veginn og unni í fláaum á ytri hluta. Akstur á neðra burðarlagi á þann hluta (um 4 km) fór á fullt í viku 27. Stefnt að því að klæða ytri hlutann eins fljótt og hægt er. Mölun gengur vel.

Djúpvegur um Arnardalsá.
*Verktaki: Brúarvinnuflokkur Vg. Hvammstanga og flokkur Vg. Ísafirði*
Verk klárað í sumar. Eftir frágangur og efra lag klæðingar.

## Norðaustursvæði — Samið: Verklok:

08-005 Hringvegur (1),
Litla Sandfell - Haugaá — 16.06.09 — 01.08.11
*Héraðsverk ehf., Egilsstöðum*
*kt. 680388-1489*
Reiknað með að framkvæmdir hefjist fljótlega.

08-009 Raufarhafnarvegur (874)
Hófaskarðsleið - Flugvöllur — 15.04.09 — 12.06.09
*KNH ehf., Ísafirði*
*kt. 710795-2239*
Reiknað með að framkvæmdir hefjist í júlí.

05-035 Héðinsfjarðargöng — 20.05.06 — 17.07.10
*Háfell ehf. og Metrostav a.s.*

05-035 Héðinsfjarðargöng, eftirlit — 28.04.86 — 17.07.10
*Geotek ehf.*

08-069 Norðausturvegur (85),
Fremri-Háls - Sævarland — 13.06.08 — 15.07.09
*Héraðsverk ehf.*
Verkið er tvískipt og lauk fyrri áfanganum 4,2 km í lok ágúst 2008. Unnið við aféttingar á neðra burðarlagi, frágang fláa og skeringa. Reiknað með að keyra efra burðarlagi í viku 28 og klæðingin verður lögð í framhaldi af því.

06-004 Norðausturvegur (85),
Hófaskarðsleið — 16.07.07 — 01.11.09
*Héraðsverk ehf.*
Fyllingar komnar að mestu vestan Ormarsár, frá st. 1.680 til st. 20.000. Byrjað að keyra neðra burðarlagi frá st. 1.700 til st. 18.400. Efnisvinnsla lokið í námu E og stendur yfir í námu G. Unnið við fyllingar og frágang austan Ormarsár. Brúarsmíði á Ormarsá er lokið.

08-007 Illugastaðavegur (833),
slitlagsendi - Illugastaðir — 25.07.08 — 01.07.09
*Árni Helgason, Ólafsfirði.*
Verktaki hefur lokið við sinn hluta. Í viku 28 var eftir að setja upp stikur, vegrið og mála miðlínu.

08-010 Hringvegur (1),
Valtýskambur - Sandbrekka — 20.08.08 — 15.10.09
*Háfell ehf.*
Verktaki er að vinna í skeringum, fyllingum og ræsalögn og er um styttist í að þessi hluti klárist. Búið að keyra út neðra burðarlagi á ca helming kaflans.

07-005 Hringvegur (1),
Ármótasel - Skjöldólfsstaðir — 01.02.07 — 01.07.09
*Héraðsverk ehf.*
Verkinu átti að ljúka 1. ágúst 2008 en samið um seinkun á verklokum til 1. júlí 2009. Búið er að leggja neðra lag klæðingarinnar á allan kaflann nema tengingguna við Ármótasel. Efra lag verður lagt á næstunni og eins mun Rekverk ehf. fara að setja upp vegrið.

## Norðaustursvæði , framhald — Samið: Verklok:

07-088 Norðfjarðarvegur (92),
um Hólmaháls — 05.02.08 — 01.10.09
*Suðurverk hf.*
Verktaki hefur verið að vinna við bergskeringar, fyllingar og ræsalögn. Neðra burðarlag komið á stuttan kafla.

08-003 Knarrarbergsvegur (8490),
Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur
*GV gröfur ehf.*
Búið að klæða neðra lag á 900 m sem var lengd kaflans samkvæmt útboði. Ákveðið að lengja kaflann um 300 m og verður væntanlega lagt á þann hluta í viku 28.

08-084 Borgarfjarðarvegur (94),
Lagarfossvegur - Sandur — 22.01.09 — 01.09.09
*Ylur ehf.*
Búið að leggja neðra lag klæðingar á Borgarfjarðarveginn, en eftir er að leggja á Lagarfossveginn við virkjunina. Verklok samkvæmt samning eru 1. september 2009 en verkinu verður væntanlega lokið í júlí.

Hringvegur (1), Akureyri, undirgöng — 30.04.09 — 17.07.09
Akureyrarbær sér um útboð og framkvæmd en Vegagerðin kemur að fjármögnun. Samið var við fyrirtækið Finn ehf. Verkfræðistofa VN sér um eftirlit. Vinnu við undirgöngin og veginn lokið.

07-019 Norðausturvegur (85),
Bunguflói - Vopnafjörður — 30.04.09 — 15.11.12
*KNH ehf.*
Framkvæmdir hófust í byrjun júní og er verið að vinna við fyllingar og ræsi á ca 5 km kafla.

07-019 Norðausturvegur (85),
Brunahvammsháls - Bunguflói — 20.12.07 — 01.07.09
*Suðurverk hf.*
Vinnu við fyllingar er lokið og verið að rétta neðra burðarlagið af. Unnið við snyrtingar og frágang.

06-007 Dettifossvegur (862),
Hringvegur - Dettifoss — 12.09.08 — 01.10.10
*Árni Helgason ehf.*
Unnið við fyllingar og eru þær komnar að hluta til á ca 13 km.

08-004 Dagverðareyrarvegur (816)
Hringvegur - Helluland — 26.05.08 — 01.08.08
*G. V. Gröfur ehf.*
Verkinu er lokið nema eftir er að mála miðlínu (vika 28).

08-002 Hörgárdalsvegur (815)
Björg - Skriða — 09.06.08 — 01.09.08
*Árni Helgason ehf.*
Verkinu er lokið nema eftir er að mála miðlínu (vika 28).



*Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls, 29. júní 2009. Ljósmynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.*

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| Engin útboð eru fyrirhuguð á næstunni | 09 |

| Útboð felld af lista vegna frestunar fjárveitinga | |
|---|---|
| 09-019 Efnisvinnsla Suðursvæði 2009 | 09 |
| 09-034 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, tvöföldun | 09 |
| 09-027 Skíðadalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll | 09 |
| 08-011 Kísilvegur (87), Hólasandur - Geitafellsá, 2. áfangi | 09 |
| 09-082 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Brakandi | 09 |
| 09-006 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur, eftirlit | 09 |
| 09-007 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur | 09 |
| 09-008 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur, eftirlit | 09 |

| Auglýst útboð, dregin til baka v. frestunar fjárveitinga |
|---|
| 08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Húnavellir |
| 09-001 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 09-046 Vetrarþjónusta á Snæfellsnesvegi 2009-2012, Vatnaleið - Ólafsvík | 20.07.09 | 04.08.09 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 09-017 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, malbik á Akureyri | 08.06.09 | 23.06.09 |
| 08-039 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009, Hringvegur (1) um Hafnarmela, malbik | 15.06.09 | 30.06.09 |
| 08-040 Festun og yfirlögn, á Norðaustursvæði 2009-2010 | 15.06.09 | 30.06.09 |
| 09-026 Hringvegur (1), um Ystu-Rjúkandi | 18.05.09 | 02.06.09 |
| 09-033 Hringvegur (1) um Hellu 2. áfangi | 11.05.09 | 26.05.09 |
| 09-028 Vetrarþjónusta 2009-2012, Stykkishólmur um Vatnaleið að Snæfellsnesvegi | 11.05.09 | 26.05.09 |
| 08-085 Laxárdalsvegur (59), Höskuldsstaðir - Leiðólfsstaðir | 11.05.09 | 26.05.09 |
| 09-022 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, „repave“ | 06.04.09 | 21.04.09 |
| 08-064 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit | 16.03.09 | 31.03.09 |
| 08-034 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur | 23.02.09 | 07.04.09 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 09-013 Vetrarþjónusta á Holtavörðuheiði 2009-2012 *Sigurður Arilíusson, Borgarnesi kt. 210974-3349* | 23.06.09 | 02.06.09 |
| 09-032 Langholtsvegur (318) Hringvegur - Ármótavegamót *Vélgrafan ehf., Selfossi kt. 700390-1369* | 19.05.09 | 19.06.09 |
| 09-020 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, Hellisheiði og Árborgarhringur *Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík kt. 611298-2939* | 12.05.09 | 03.07.09 |
| 09-016 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, uppsveitir Árnessýslu *Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík kt. 611298-2939.* | 12.05.09 | 03.07.09 |
| 09-021 Brú á Hvítá á Bræðratunguvegi, eftirlit *VSÓ -Ráðgjöf ehf., Reykjavík kt. 681272-0979* | 12.05.09 | 18.06.09 |
| 09-015 Vetrarþjónusta 2009-2012, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur *Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki kt. 671272-2349* | 12.05.09 | 08.06.09 |
| 09-017 Yfirlagnir Suðursvæði 2009, klæðingar *Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi kt. 410693-2169* | 09.06.09 | 25.06.09 |
| 08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá *Héraðsverk ehf., Egilsstöðum kt. 680388-1489* | 19.05.09 | 16.06.09 |
| 09-010 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, norðurhluti, klæðing *Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum kt. 471108-2190* | 12.05.09 | 25.06.09 |
| 09-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, austurhluti, klæðing *Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum kt. 471108-2190* | 05.05.09 | 08.06.09 |
| 09-030 Hvammstangavegur (72), um Hvammstanga *Kraftlind ehf., Kópavogi kt. 601206-0480* | 05.05.09 | 05.06.09 |
| 08-009 Raufarhafnarvegur (874) Hófaskarðsleið - Flugvöllur *KNH ehf., Ísafirði kt. 710795-2239* | 15.04.09 | 12.06.09 |

| Öllum tilboðum hafnað | Opnað: |
|---|---|
| 09-014 Vetrarþjónusta á Snæfellsnesvegi 2009-2012, Vatnaleið - Ólafsvík | 26.05.09 |